

Þriðjudaginn 23. mars 1993.

Nr. 126/1993. Sveinn Sigurbjörnsson og
Tryggvi Stefánsson
gegn
Sparisjóði Glæsibæjarhrepps.

Kærumál. Skjöl. Skuldabréf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. mars 1993. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra, er upp var kveðinn sama dag. Krefjast sóknaraðilar þess aðallega, að varnaraðila verði gert að leggja fram „endurrit allra skjala sparisjóðsins, sem varða sérstaklega tilurð, möguleg kaup og sölu, meðferð og innheimtu dskj. nr. 2 í málinu E-11/1992, ...“. Til vara krefjast þeir þess, að varnaraðili leggi framangreind skjöl fyrir héraðsdómarann. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Greinargerð hefur eigi borist frá varnaraðila.

Málið nr. E-11/1992 fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra er höfðað af Eiríki Sigfússyni á hendur sóknaraðilum máls þessa og Jóhanni Benediktssyni og Sigurði Stefánssyni til greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfi með sjálfskuldarábyrgð. Hefur hann lagt frumrit bréfsins fram í héraðsdómi. Bréfið er gefið út til varnaraðilans Sparisjóðs Glæsibæjarhrepps, er framselt hefur það til Eiríks Sigfússonar samkvæmt áritun á bréfinu.

Ofangreind skjöl hyggjast sóknaraðilar leggja fram í máli, þar sem stefnandi vísar m. a. til reglna XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, en sóknaraðilar eru meðal stefndu í því máli. Ekki verður séð, að varnir, er byggðar verði á framangreindum skjölum, komist að gegn andmælum stefnanda í máli, sem rekið er samkvæmt þessum reglum. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 15. mars 1993.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 12. þ. m. að undangengnum munnlegum málflutningi, er til komið vegna kröfu Tómasar Gunnarssonar hrl., dags. 9. þ. m., þar sem hann krefst þess f. h. Sveins Sigurbjörnssonar og Tryggva Stefánssonar, stefndu í málinu nr. E-11/1992, vegna rekstrar þess máls hér fyrir dóminum, að Sparisjóði Glæsibæjarhrepps, Brekkugötu 9, Akureyri, verði skylt að leggja fram staðfest endurrit allra skjala varnaraðila, er varða sérstaklega tilurð, möguleg kaup og sölu, meðferð og innheimtu dómskjals nr. 2 í málinu E-11/1992, sem er skuldabréf með láns-kjaravísitölu, út gefið á Akureyri 1. 4. 1987 af sóknaraðilum máls þessa til varnaraðila. Telja sóknaraðilar, að verulega skorti á upplýsingar veigamikilla atriða dómskjals þessa, að því er varðar útreikning kröfunnar, svo og halda sóknaraðilar því fram, að forsvarsmenn varnaraðila hafi upplýst munnlega, að skuldabréf þetta hafi aldrei verið eign varnaraðila, og skorti því nauðsynlegar skýringar á, hvers vegna það hafi verið gefið út til hans og hvers vegna varnaraðili hafi ritað framsal á skjalið. Telja sóknaraðilar, að þeir eigi lögvarinn rétt á að vita um meðferð varnaraðila á skjali þessu, þar sem þeir séu útgefendur skjalsins og varði þá verulegum hagsmunum, þar sem höfuðstóll kröfunnar skv. skjali þessu sé nú um 8.000.000 kr.

Samkvæmt bókhaldslögum eigi varnaraðili að hafa undir höndum öll gögn varðandi skjal þetta, og vísar hann til 2. og 22. gr. laga nr. 87/1985 svo og VII. kafla þeirra laga um skyldu varnaraðila að upplýsa um málið og telur það lið í eðlilegri bankastarfsemi. Svo og vísar hann til 1. tl. 55. gr. laga nr. 91/1991 um skyldu varnaraðila svo og a- og c-liðar 1. mgr. 118. gr. sömu laga í því viðfangi.

Varnaraðili gerir þá kröfu, að kröfu sóknaraðila verði hafnað. Telur hann kröfu sóknaraðila sér á hendur sér óviðkomandi varðandi mál E-11/1992 og bendir á, að skv. 29. gr. laga nr. 87/1985 sé sér óheimilt að verða við kröfu sóknaraðila, þar sem hann sé bundinn þagnarskyldu, svo og skv. b- og d-lið 2. mgr. 53. gr. laga nr. 91/1991 sé sér óskyldt að verða við kröfum varnaraðila, svo og skv. 118. gr. sömu laga séu þau atriði talin, sem koma til álita í máli E-11/1992.

Sóknaraðilar telja, að ákvæði 118. gr. laga nr. 91/1991 séu varnaraðila alls óviðkomandi varðandi mál E-11/1992 og þessu máli því ótengt.

Varnaraðili krefst þess, að sóknaraðilar greiði sér málskostnað.

Það er álit dómsins, að fallast verði á þau sjónarmið varnaraðila, sem hér að framan eru rakin, og með vísan til þeirra lagaraka, sem varnaraðili ber fyrir sig, einkum 29. gr. laga nr. 87/1985 um sparisjóði, verði að hafna kröfu sóknaraðila.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Úrskurð þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, Sveins Sigurbjörnssonar og Tryggva Stefánssonar, á hendur varnaraðila, Sparisjóði Glæsibæjarhrepps, er hafnað.
Málskostnaður fellur niður.
